Íhaldsm. hafa hugsað sem svo: Þegar þeir Torf. er
kominn frá stjórn, verður aldrei til grænn eyrir í rík-
sjóði. Frams. stjórnin eyðir því öllu og við fáum aldrei b
á Hvítána eða Þjófagilsá, nema að kaupa þetta svo fo
verði; svo þeir fái þó eitthvað handa milli ef við ge
betalað á rjettum tíma. Þessu hrópuðu þeir 5! 5! 5!
Frams. menn hugsuðu öfugt við Íhaldið þeirra og þeir gera æfinleg
fyrir þeim vakti þetta: Nú er ástmögur okkar Hriflu-Jóna
kominn á völlinn. Lengi lifi hann í meðvitund þjóð
arinnar. En svo best gerir hann það blessaður, að hann efn
ir eitthvað af því, sem hann hefir lofað bændum og b
lýð, og ekki getur Tryggvi keypt tilb. áburð handa bæn
nema hann hafi peninga; því skulum við gjöra hál
hljóð 5! 5! 5! Og á þessum þorrafagra forsendum
byggðist þetta háa verð, þetta sem þeir menn kalla
heimsku, sem ekki skilja ástæðurnar. ——
Lengi lifi föðurfrelsi og ættj.-ást 5! 5! 5! fyrsta sin
Lengi lifi karlmenska og hugrekki 5! 5! 5. annað sin
Lengi lifi flokkshatur og pólitík! 5! 5! 5! fyrir annað s
Og lengi lifi þau mannvirki sem reyst verða
fyrir þessa blóðpeninga 5! 5! 5! fyrsta, ann
að þriðja sinn! Glúmur.

# Flugar.

Ritnefnd:

Sigríður Rögnvaldsdóttir
Björn Björnsson
Gísli Gottskálksson
Magnús Vilhjálmsson.

Ritstjóri:

Stefán Vagnsson.

# Bæjaröð.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Rjettarholt. | Kom. 22 jan | Fór 25. | |
| 2 Miðgrund. | " 25 " | " 26. | |
| 3. Grundargerði. | 26. — | 28. | |
| 4. Syðstugrund. | " 28. — | 30. | |
| 5. Litlidalur. | a 30. — | 31. | |
| 6 Djúpidalur. | | | |
| 7. Torfmýri | | | |
| 8. Flugumýri | 6 febr — | 8 febr | |
| 9 Flugumýrarhv. | 8 — | 9 — | |
| 10. Bjarnastaðir | | | |
| 11 Hjaltastaðir. | 13. | | |
| 12. Hjaltast. kot. | 16. — | 18 | |
| 13. Hjaltast. hv. | 18. — | 18. | |
| 14. Frostastaðir | 18 — | 24 | |
| 15. Framnes. | 24 — | 1 mars | |
| 16. Brekkukot. | | | |

og skilist þaðan til ritstj.

# Flugar.

| 4. ár | Janúar 1928. | 3 tbl. |
| --- | --- | --- |

## Árið 1930.

Mörg eru þau ártöl, er gægjast upp í hugum manna, þegar farið er að athuga merkustu ártölin í sögu Íslendinga. En allmisjafnt er það, hvað ártölin eru leiðandi, og hve djúp og víðtæk áhrif þeir atburðir, sem þá hafa gerst, hafa haft á samtíð og ókominn tíma. Þeir atburðir, sem hafa haft blessunarrík og þroskandi áhrif, eða

etti á einhvern hátt miðað að auðnu
sjálfstæði, sýnt drenglund og dáð,
eru geymdir með gullnu letri á spjald-
skrá sögunnar. En einsmörg eru þó,
því miður. Þau ártölin, sem hafa að
geyma atburði, sem eru roðnir blóði,
atburðir, sem hafa stundum kostað
ekki eins manns fjör og frelsi, heldur
fjöldans. —
Saga okkar Íslendinga, hefir löngum
verið lítt kunn umheimi. Við höfum
verið allmjög einangraðir og útaf fyrir
okkur. En á síðari árum, hefir þó nokkur
breyting orðið á þessu. Og nú er svo komið
að flestar mentaðar þjóðir, vita þó um
að hjer norður við heimskautsbaug er til
fámenn, sjerkennileg og sjerstæð þjóð
þjóð sem stendur mörgum öðrum fram
hvað þekkingu á sinni eigin sögu
snertir.



Nú um þessar mundir mun allmjög
vera um Íslendinga talað, einkum þó
af Vestur-Íslendingum. Það er í sam-
bandi við þúsund ára afmæli Alþingis
Það mun allsjerstakt, að kotríki, sem
Ísland er samanborið við ríki í heild
skuli halda minningarhátíð um 1000 ára
þinghald sitt. Skuli geta rakið þing-
sögu sína um jafnlangt áraskeið.
Margir stórmerkir viðburðir eru það sem
rifjast upp þegar gætt er að þingsögu
Íslendinga frá því fyrsta, er slíkt raunar
ekki nema skiljanlegt, þegar gætt er
þess að á þinginu hafa verið rædd
og til fullnaðar úrslita ráðin. Þau
málin er mestu varða þjóð gjörvalla
Byggir maður þar skjótt marga hávörðu
og merkjasteina. Mun jeg ei telja
upp marga atburði nje ártöl, enda
er slíkt þarflítið, því flestum mun

kunn merkusta ártöl sögunnar, s. s.
1000, 1262 o. fl. og nöfn eins og
kristnitakan og töpun íslenska
sjálfsforræðis, siðabót, galdrabrennur
o. fl. o. fl. eru nöfn sem flestir kannast
við nú orðið.
Nú er farið að styttast til þess árs, er
þessara merku atburða, og ótal fl.
verður minnst af megin þorra Ísl.
Mikið verður um dýrðir þá, „herra trúr"
margir af hinni uppvaxandi kyn-
slóð munu þá fegnir vilja að þeir
væru þess umkomnir, að fylgjast
með í öllum hátíðafagnaðinum og
gleðinni, sem að líkindum verður þá
samfara hátíðinni. Því líklegt er að marg
þarft orð verði þá talað og um eitt og
annað hægt að fræðast fyrir þá sem
bæði hafa vel opin augu og eyru
um skemtanirnar, sem öllum þeim



óstöðum fylgja þarf engum að efast.
Tilbreytni þeirra mun án efa verða mörg
og ekki dregið neitt úr, að láta fólk
og lokka, til að fjölmenna sem frekast
á þau mót. Á þjóðhátíðinni 1930 mun
verða mesti fjöldi útlendinga ekki ein-
ungis Ameríkanar, sem uppruna
eru hjeðan og afkomendur fyrstu
vesturfaranna, heldur einnig margir
sem aldrei hafa hingað komið og
lítt þekkja til íslenskra siða og hátta.
Menn sem ætla sjer á því herrans ári
að troða íslenska grund fyrsta og máske
síðasta sinn fótum. Ætla sjer að, ætla sjer
að kynnast landinu og þjóð, þegar þjóð
er í sínum besta hátíðaklæðnaði, og þegar
alt og allir eru hrifnir af hátíðinni
og lifa í endurminningu forna feðra-
frægðar. —
Nú leyfi jeg mjer að spyrja, og sú

spurning er orsök þessara lína. Hvað gera menn hjer á landi nú, til að koma fram sem sannastir Íslendingar 1930? Ef jeg ætti að svara þeirri spurningu yrði svarið okkur lítt í vil. Mjer finst yfirleitt fremur lítið gert til glæða og vekja saman áhuga og rjettan skilning á því hvað gera skuli og beri að gera, fyrir það ár og á því ári, Þó munu óneitan-lega verða litlar deildar meiningar manna um að árið 1930, verði að líkind-um minnisstæðasta árið í lífi núlif-andi kynslóðar. Ástæðan fyrir því að ei er meira rætt nje ritað um árið 1930 enn nú er, mun eiga rætur sínar að rekja til lognmollu og hugsunar-deyfð okkar Íslendinga. En slíkt dugar ei of vel á að fara, ef Ísl. eiga að koma fram sem sannir afkomendur íslenskra



fornvitringa og niðja Grundar-Helgu Lofts ríka og Jóns bisk. Arasonar, svo þeirra sjeu fá nöfn nefnd af mýmörgum. Þá verða allir að taka höndum saman og reyna að koma fram sem frjálsir menn er beri höfuðið hátt og sjeu greinilega lausir við Sturlunga sundurlyndi, útlenda og illræmda harðstjórn, og verslunar ófarnað. En eigi hvað síst einnig mjer þó að æskilegt væri að Íslendingar gætu sýnt í verki að þeir ættu enn fimleika og glímumenn, sem væru sjáanlega í ætt við, Gretti, Gunnar, og Hjeðinn Kára og Kjartan. Þó þó góða og velflutta ræður sjeu óneitanlega eitt met því skemtilegra á að heyra, þá mun þó öllum skiljast að málsku útaf fyrir sig, getur vorla til sjerkenna talist hjá þjóð. Í öðru lagi má ~~[illegible]~~ ímynda sjer að t. d. á Þingvöllum, þar sem að

líkindum verði mesta hátíðahöldin
munu allmargir verða, sem lítt eða
alls ekkert skilja í Íslensku. og hafa
því ekki gagn af erindum sem á
okkar tungu yrðu flutt. En fimleikar,
íþróttir, glímur og sund, mundu
þeir ei síður skilja en við sjálfir og
þá göfgi sem í þeim er fólgin
sje rjett með farið. Og það dreg
jeg lítt í efa að einmitt glímurnar
sem hafa verið svo að kalla sjermennt
Íslendinga mundu verða ein kærasta
og sjerstæðasta minning útlendinga
þegar heim kæmi. En til þess að lag
ætti að geta orðið á og fornum mönnum
yrði þá hægt fram að íta, verður að
hugsa fyrir því og það strax. Það
er bitur sanna og satt, því til þess
að hægt sje að sýna glímur og íþróttir
svo í lagi sje er nauðsynl. að fá



þjálfun, og hana mikla. En nú vita
það allir, að menn eiga hægra með
að eyða fáum stundum í einu og koma
aftur saman, heldur enn að taka langan
tíma óslitinn. Því er það mín skoðun
að sjálfsagt sje að byrja sem fyrst, hægt
í fyrstu en smá sæðja sig. Er þetta vitan-
lega eitt af aðalhlutverkum Íþrótta- og
Ungmennafjelaganna nú, til þess er
þjóðhátíðin verður. Þau fjelög ættu að
hafa bestum starfskröftum á að skipa
og þetta mál hlýtur einnig að falla
svo vel heim við stefnuskrá þeirra
sem best verður á kosið. Og jeg vildi
óska þess af heilum hug, að hið „Unga
Ísland“ hitt uppvaxandi kynslóð-
tæki höndum saman um það, að
láta það sjást í verki að „Sóp og fjör
og frískir menn, fyndust hjer á landi
enn.“ Því jeg er svo bjartsýnn á

hina ungu Íslendinga, að jeg er í
engum vafa um, að þeir geta gert
þjóð sinni sóma og hinni öldnu
fóstru sæmd, einmitt með íþróttum
og glímum ef þeir vilja.
Rjett hefði verið finst mjer að íþrótta og
ungmenna-fjelögin hefði stofnað
flokka innbyrðis og þeir hefðu reynt
að æfa sig, sem frekast. Veturinn
1929-30. hefðu svo sambönd fjelag-
anna innan sýslnanna látið þá
sem hefði æft sig koma saman og
kynnast og þar hefði í hverri
sýslu verið valdir úr þeir bestu,
hefðu þeir svo æft sig allir saman
fyrir sumar áður en hátíðin hefði
byrjað. Trúi jeg illa, ef öll alúð yrði
lögð við þetta starf, en það yrði allmjög
til að auka ánægju og varpa eins-
og hreinum, ljúfum og fornhelgum



svip yfir hinn söguhfræga og rómaða
Þingvöll. Minsta kosti finst mjer
stórlegt, þegar jeg hugsa um Þing-
völl að glæstasta myndin sje af honum
þegar getið er um þingin á lýðveldis-
öldinni, þegar æskulýðurinn kom saman
til leikja, en hinir eldri menn sintu
alvarlegri málunum. Þá ljeku hinir
frækni forfeður okkar, hverskyns íþróttir
með brennandi áhuga, og ólgandi
blóð í æðum. Þess geng jeg lítt dulinn
að einmitt þessi æskumót manna af öllu
landinu hafi eigi hvað síst orðið til þess
að Ísl. urðu margir hverjir slyngir íþrótta-
menn, sem sagan ber með sjer. Og
þessi mót hafa því án efa, verið eitt á-
samt fleiru, sem þó eigi hvað síst
hafi dregið fólk í flokkum til þings.
— Margt er það sem kemur í hug
minn, sem mjer finst að æskilegra

hefði verið að hefði verið á annan
hátt 1930 hjá okkur Íslendingum
En mjer sýnist útlit á að flest af því
sje lítt framkvæmanlegt og sje því
ei til neins að benda á það. Eitt er
það þó sem mjer finst jeg verði að
drepa örlítið á og það er búningurinn
Stærstu skemtilegt hefði ekki verið að
margir hefðu komið þá fram i forn-
búningnum; búningar okkar Íslend.
er all sundurleitur og hefði óneitan-
lega verið skemtilegra að geta sýnt
alíslenskan fornan búning, heldur
en búning, sem er samkyns og hjá
mörgum þjóðum öðrum eða a. m. k.
mjög náskyldur erl. búningum. Eigi
væri hvað síst skemtilegt að klæðast
ísl. búningnum ef hann stendur þeim
búningum sem nú tíðkast framar
að útliti. Verið getur að einhverjir



segi sem svo, að lítt sje skynsamlegt
að kaupa búning aðeins fyrir eina há-
tíð. En hugmynd mín er sú, að ef
búningurinn er vel fallegur sem jeg
hygg að hann sje, þá mundu menn
óhikað nota hann framvegis og þyrfti
því ei að kvíða því að mölur æti sauma
eða fúkkalykt legði af sökum
brúkunarleysis.
Jeg þykist vita að margt verði það sem
útlendingum þyki eindæmilegt hjer
og mun það eigi hvað síst verða stílleysi
það sem hjer er i húsabyggingum, því
það er óneitanlega mjög mikið. Má með
sanni segja eins og einn útlendingur
átti að hafa sagt fyrir skömmu:
„Á Íslandi geta menn varla i sumum
hjeruðum farið svo fram hjá 5 bæjum
að menn sjái ei timburkassahús,
steinkumbalda og moldarhrauka

til skifti. Það er sammar ei einkennil-
þó sá stíll, eða rjettara sagt stílleysi
sem nú er hvað hýbýlagerð snertir stingi
í stúf í augum útlendinga. En við
slíku er ei hægt að gera á stuttum
tíma, enda enn enginn þjóðlegur
byggingarstíll ákveðinn. En hitt er
það sem allir geta gert sem vilja, og
það er að gera hús sín sem skemti-
legust og ánægjulegust þegar inn
er komið og hafa sem besta um-
gengni á öllu. Og vera sem glaðastur
og reifastur við þá sem að garði ber
því viðmót og kynning hefir án
efa eigi síður áhrif á gesti en falleg
og skrautleg hýbýli. Fyrir risnu og
gestrisni hefir Íslendingum lengi
verið viðbrugðið og vonandi það minki
ekki með aukinni mentun og vel-
megun.



Árið 1930 mun verða minnisstætt
öllum Íslendingum sem þá lifa. En
geðþekkastar munu minningar
þess árs verða í hugum manna, ef
alt verður þar gert á þann hátt að
komi fram sem sannast og rjettast
að menn eigni það í verki, að þeir
sjeu þess verðir að heita afkomendur
hinna fornu norrænu víkinga sem
hingað komu á landnámstíð. Menn
sem geta skipað sæti á bekk með
frjálsum, djörfum og framgjörnum
mönnum er hafi þrek og viljafestu
til að velja hið þjóðlegasta og hollasta
en hafna því sem tildur og hjegómi
heitir og ei er samboðið, nema þeim
sem sitja við nægtaborð auðs og
athafna-leysis.
Að endingu segi jeg: Vel sje hverjum
þeim, sem sýnir í orði eða verki

að hann sje sannur Íslendingur í þess orðs fylsta og besta merkingu, því þeir menn verða ei einungis árið 1930, til að breiða hróður landsins til fjarlægra landa, heldur stöðugt meðan þjóðræknis tilfinningin hreyfir í hjörtum góðra og sannra manna.

Gísli Gottskálksson

## Sjómannalíf við Eyjafjörð.

fyrir rúmum 40 árum. (Framhald.)

Jeg var búinn að lofa þjer lesari góður, að fara með þjer í einn fiskiróður og einn hákarlalúr, Og skulum við þá fyrst fara í fiskiróðurinn, því svo mun ta verða farið um að fara í hákarlalúrinn á eftir. Sama hvaðan frá, við róum. Sama reglan alstaðar við



fjörðinn. Jeg ætla samt að fara með þig til Hríseyjar: Það er á Jólaföstunni og Albjart tunglsljós. Jörundur gamli býr í eynni, á Syðstabæ. Er hann, vís að raula sama vísupartinn alla kvöldvökuna t. d: „Kýrnar eru í fjósinu,

kálfarnir og lömbin."

Við róum frá Hvatastöðum, og höldum þar til í sjóbúð. Hvatastaðir eru eyðijörð, stutt frá Syðstabæ. Við verðum að vakna kl. 3 um nóttina og fara að beita. Veður er hvast og kalt og frost mikið ~~og frost mikið~~ og hríðarjagandi. Form. vekur okkur og verðum við að bregða fljót við og flýta okkur á fætur. Kalt myndi ykkur þykja að fara um frosna beituna, sem er síld og innan um Gjósubeita, (smálúða) en vani menn beita sjer til hita. Allir hafa „spotta" það eru fáeinir önglar, sem þeir sjálfir

eiga fiskinn af. En fljótur verður maður að vera ef „spottinn" á ekki að sitja í landi, því eftir beitingu hans verður ekki beðið. Við verðum að beita 3 stokka hver, 120 önglar í stokk. Formaðurinn sker niður beituna á stóru borði og ber sjer við og við, því það er kulsamt verk. Hver hásetanna tekur eitt „bjóð" (það er stórt trog) og leggur línuna skipulega niður í það, önglana með beitunni við annan gaflinn, en línuna (snúrið) hringar hann niður í bjóðið og það svo vel sem hann getur. Mikill vandi er, að leggja önglana svo niður að þeir krækist ekki saman, og niður á því að ekki sje öngulbeit. Við því er það ráð að skilja við beituna framan við agnúann á hverjum öngli. Eftir tæpan klt. eru allir búnir að beita og þá er viðstöðulaust rifið sig í sjófötin



og haldið af stað. Menn fara í skinnsokka (belgi) sem ná upp fyrir hnje. Setja á sig sjóskóna, sem eru stórir, úr nautsleðri og gat framur tánni, og leða aftur úr svo sjórinn standi ekki við í skónum. Vanalega engir þvengir en snæri í þeirra stað. Skinnbuxur tökum við næst úr sauðskinni og síðan sjóstakk úr sama efni. Seinast setjum við upp sjóhattinn; þá er maður albyggjaður. En snæri verðum við að vera að öllu. Aðaláherslan er lögð á flýtirinn, svo aðrir sjeu ekki á undan á fiskimiðið, því illt er til afla, ef lagt er yfir annan. Nú er fjöran stórgrýtt og myrkrið mikið, verðum við að gæta að, þrátt fyrir flýtirinn að fara ekki á hausinn með bjóðinn, því þá flækist allt í þeim. Skonsur eru í snatri teknar undan bátnum og látnar uppi hann, rata menn sjer svo við hlið hans, segjum 3 við

(sje hann sexróinn) draga hann
viðstöðulaust fram í sjó. Sje kvika
eru bjóðin sett í bátinn áður enn hann
er settur fram, en vanalega ekki fyr
en hann er að mestu kominn á flot.
Þá eru þau, með settri reglu rjett
formanni, sem raðar þeim gætilega
niður í skutinn. Nú er talsverð kvika
og ýta þá tveir vanir menn, bátnum
síðast út, en aðrir eru setstir undir
árar svo ekki slái flötu. Svo fara
þessir tveir, og hefja sig uppá kinn-
ung að lokum, um leið og bátnum
er skotið fram, skellur bylgjan þá oft
á þá miðja, en þeir vanir og hefja sig
samt uppá kinnungana, sinn hvoru-
megin.
Svo er haldið frá landi í Jesú nafni
Róið fast til miða og línan lögð í
hasti; og hún róin út með öllum



árum. Er formaðurinn óður ef illa gengur
út í „bjóð", sem oft vill verða hjá við-
vaningum og sumir sem aldrei læra
að leggja vel niður í „bjóð". Stundum
er línan lögð þvert yfir fjörðinn, brúna
á milli, stundum í lykkjum, allt
eftir því hvernig fiskurinn hagar sjer
Þegar seinna endadufli er kastað kemur
hægð á alla, því nú er búinn fyrsta
þátturinn. Nú er um tvent að ræða
meðan línan liggur, og með nýja
beitu liggur hún framt að kl. tíma
– tvöfalt lengur eða meira með gamla
beitu – annaðtveggja að róa í land
þangað sem skemst er, eða þá að „liggja
yfir" sem kallað er, – vera kyr hjá línunni
og er mönnum þá oft kalt. En af því
nú lítur útfyrir að ekki muni versna
veðrið, þá róum við í land. Tökum
skorplega til áranna, og rennum

upp á landi. Setjum bátinn svo
upp á hornum og óhætt; göngum
síðan heim til bæjar. Fólk er í svefni
því dagur er tæplega kominn. Piltar
hafa róið og skilið eftir ólokaðann
bæinn. Við bægjum ekki á dyrum
heldur samkv. almennri reglu við
Eyjafjörð, göngum rakleiðis til bað-
stofu. Þá vaknar fólkið, því oft er
tekið lagið eða vísa kveðin um leið
og inn er komið. Nóg glaðværð og
gestrisni. Eftir einn — tvo tíma er
svo haldið af stað. Línan dregin
og ef gott veður stokka sumir upp
línuna. Tveir í andófi og einn sem
hagræðir fiskinum, safnöttum og hann
kemur inn í bátinn. En nú er komin
stífur stormur og verðum við 4 að hafa
andóf. Einn kippir upp fiskinum til
að geta sett hann út á streng þegar



á landi kemur, ef brim er mikið. Á
línunni er mikill fiskur, þorskur, smá-
kóð, stór ýsa, steinbítur, hlýri, smálúðu
sem kallast „leiðulok", gaddaskata
og upsi sem alt er hirt. Svo kemur
margt, sem menn kæra sig ekki um:
krossfiskar, stórir og smáir, ígulker
skeljar, marglittur o. fl. Þessu dóti
er ýmist hent út eða það fer ofaní bát-
inn. Af því nú er að ganga upp storm
og kvika að vaxa, hraðar formaður sér
að draga inn línuna, sem dregin er á
línu-hjóli, en það er tveggja korða
langt kefli, sem fest er utan á annan
borðstokkinn og snýst þar eftir því
sem línan er dregin eftir því. Skjótast
verður smám saman til þess að ausa
sjóinn úr bátnum, því bæði kemur
dálítill sjór inn með ~~bátur~~ fiskinum
og nú er farið að smáskvettast inn í

hann úr bylgjuhryggjunum. Vana-
legt er að blóðga fiskinn, jafnóðum
og hann kemur inní bátinn, það er
að láta blóðið renna úr honum með
einni hnífstungu — en nú er enginn
tími til þess. Formaðurinn bíður enn
seinna endadúflið og segir um leið:
„Dragið upp seglið piltar." Menn
þeir sem eru miðskipa hlaupa til, ná
mastrinu og koma því í stellingu
niður við kjöl bátsins og í lykkju
aftan á andófsþóftunni. Þetta gera
aðeins vanir menn, því mastrið er
hátt og þungt, með seglinu og
báturinn veltist allavega. Þá er
stagað á borðstokkinn. og fram á hnífi
„Upp með seglið segir formaður
Seglið er hafið upp, honum sjette
klóin sem er ~~stagur~~ aftur úr seglinu
En dragreipinu sem seglið er hafið upp-



með er ekki slept, því það verður að létta
seglið út og út því nú er sjór orðinn
mikill og vindhviðurnar harðar, Bátur-
inn hendist áfram, og rístir sjóinn
boðarnir freyða á brjóstum hans, nú hvín
í öllu og holskeflurnar gína yfir höfðum
manna, en formaðurinn er vanur og
stýrir bátnum svo að lítið af sjó fer inn
og gerir það mest hraðskrið bátsins
því hann er liðugur að kleyfa strjúm.
Holskeflurnar springa aftan við hann
Nú sýnist báturinn lítill, í heljar-
greipum höfuðskepnanna og dásam-
legt að sjá hversu þetta litla fley
getur varist í þessum hildarleik og
þjer sýnist ekki vera langt milli
lífs og dauða eins og þunn kjöl.
Menn eru hljóðir, og hver hugsar um sitt
verk. En auðsjeð er að enginn er hræddur
Menn eru vanir og treysta líka formanni.

Nú er komið að landi og í hlje við eyna. Seglið er dregið niður og mastrið fellt. Brim er mikið í lendingu. Sumir halda bátnum uppi kvikunni aðrir setja fiskikippurnar á strenginn og þeim síðan rent útbyrðis.— Lítið eitt haft eftir í bátnum. Allir setjast undir árar, nema formaður situr aftur í og heldur um stjórnvöl. Svo er háttað með sjóinn að vanalega fylgjast að þrír stórsjóar — samanber hin þrjú andvörp manna síðast.— Þessir þrír stórsjóar eru við land kallaðir ólög. Það eru þau sem menn verða að reyna að forðast, því enginn bátur þolir þau og engin stjórn stenst þau. En þegar þau eru gengin hjá kemur alið ~~lag~~ lag á eftir, eða litlir sjóar, þá er sagt að „lag sje" Og nú róður á að sæta



lögum. Við róum svo nærri lendingarstað sem við þorum, en nú eru ólög svo við verðum að bíða. Nú kemur „lag" og þá róum „lífróður" í land. Tveir fara fram á kinnung og henda sjer út í sjóinn, en sleppa ekki af bátnum. Báturinn rennur upp á kvikunni og þegar kvikan sogast út undan honum stökkva allir út í hasti og draga bátinn upp svo hátt að honum sje borgið frá næstu kviku. En hjer verður snarræði og samtök að vera í öllu, svo vel fari. Báturinn er síðan dreginn á þurt land og nú er strengurinn með fisknum dreginn upp. Báturinn settur upp í naust á hlunnum (spítum) hvalbein eru best. Skoraður og þveginn innan, svo ekkert blóð sje í honum. Fiskur borinn upp og síðan gengið til búða, með bjórum og þor

i er línan í kássu. Menn hita sjer duglega kaffi og taka hraustlega til matar síns. Þegar þetta er búið fara allir að fiskinum. Honum skift af formanni og hver tekur sinn hlut, og fer að gera að fiskinum í snatri áður enn hann frýs. Þegar það er búið er línan greidd (stokkuð upp) og er það samkallað kuldaverk. Þegar alt þetta er búið fara menn að hressa sig á mat, kaffi þvotti, kveðskap, söng og spilum o. s. frv. og er þá glatt á hjalla. Síðan byrjar næstu nótt sami leikur en máske þá logn og besta veður.

Margt væri hægt að lesa til viðkomandi sjómannslífinu í þessum árum, en rúmið í litla sveitablaði leyfir það ekki og verður því hjer staðar numið.

Þess vil ég geta að menn vönduðust



hlýðni, snarræði og karlmensku, að góðu og handflýti. Jeg álít að sjómannalíf við Eyjafjörð í þá daga, hafi verið góður skóli fyrir unga menn.

Nú er eftir lesari minn að fara í hákarlatúrinn, enn hann verði of langur núna En það verður að bíða næsta blaðs.

(Niðurl. næst)

Baldvin B. Bárðdal.

## Sumarhret.

Sjaldan sjest hið valda
sólar bjarta hjólið.
Híma drengir heima,
hey er ekkert slegið.
Dynur regn, en Ránar
rymja sköll og glymja.
Hrellist fólk. Nú fellur
fjúk á bratta hnjúka.

# Garðyrkjufræðsla.

Með því að jeg hef enn ekki fengið neitt ákveðið svar frá Ungm.fj. viðvíkjandi því hvort hvort það ætli styrkja garðyrkjufræðslu hjer í hreppnum í vor, og jeg á hinn bóginn veit ekki hvort málið hefir verið gert nægilega ljóst á fundinum sem það var borið upp á, þá langar mig til að skýra nú frá tildrögum þess og öllu fyrirkomulagi.

Það var á kvennafundinum á Blönduósi síðastl. vor að frk. Halldóra Bjarnadóttir sagði okkur frá leiðbeiningum í garðyrkju sem „Búnaðarfj. Ísl.“ styrkti s.l. ár og hefir lofað styrk til á næsta ári, eftir beiðni nefndar þeirrar er kosin var í garðyrkjumálinu af 2. landsfundi



kvenna, sem haldinn var á Akureyri 1926. Spurði H. B. mig hvort við Skagfirðinga ætlum nú ekki verða næstar að nota þessa hjálp, og fór jafnhliða fram á það við mig að jeg tæki að mjer garðyrkjukonustarfið hjer í Skagafirði, sjerstakl. fyrir þá sök að jeg yrði hjer áfram í sýslunni og liti þá vonandi eitthvað eftir þessu í framtíðinni. Sagðist hún að sjer virtist okkur liggja á þessu öðrum fremur þar sem hjer væri skóglaust land með öllu, og fremur lítið um garðrækt, en hagaði á hinn bóginn vel til með framkvæmdir og samtök í þessu sviði, væri mjög fjelagslynt og samgöngu samkl. [?] greiðar um meslann hluta sýslunnar.

Jeg sagði henni, að jeg treysti mjer alls ekki að fara um alla sýsluna í einu

þætti svæðið fyrst og fremst of stórt fyrir
eina manneskju þó hún gæti helgað
því alt vorið, sumarið og haustið,
sem jeg gæti ekki, þar sem jeg hefi
svo stóran garð hjer heima, sem
jeg yrði að hafa eftirlit með. Þó jeg
að sjálfsögðu tæki mann til að hirða
hann í fjarveru minni og hefði hjer
á vorinu 4-6 daga námsskeið í
garðyrkju meðan verið væri að koma
görðunum í lag. Þó lofaði jeg
ef til þess kæmi að taka að mjer
Sauðárkrók og hreppana fram að
vestan Hjeraðsvatna, svo og Akra-
hrepp og ef til vill Hegranesið.
Með Jólapóstinum fjekk jeg brjef
frá H. B. þessu viðvíkjandi, var það
svar við brjefi frá mjer, sem jeg
skrifaði henni í haust, þar sem
jeg gerði ýmsar fyrirspurnir um þetta



efni. Vísar hún hvað tilhögun snertir
á þessu til greinar sem í „Hlín"
þ. árg. bls. 23-27. Vill hún láta mig
grenslast hið bráðasta hjer á þessu
svæði um áhuga ~~um áhuga~~ manna
og undirtektir í þessu máli.
Kvennasambandið leggur til - af
styrknum frá Búnf. Ísl. - alt fræ, mat-
jurta, trjá og blómaplöntur - verkfæri
handa garðyrkjukonunni við kensluna
og alt að einum þriðja af kaupi hennar
en 2/3 verða hrepparnir og kauptúnin
að leggja til. Hafa kvenna og Ungmfj.
gengist fyrir þessu og lagt fram fje
til þess.
Mjer hefir dottið í hug að kvenna og Ungmf.
og jafnvel íþrótta og iðnfjelög þó það
sje ekki beinlínis í þeirra verkahring
vildu taka þorra höndum saman
þá legði hvert þeirra til 10 krónur.

og svo þeir sem unnið væri hjá 1 kr.
hver væru þeir meðlimir einhvers
þess fjelags en annars 2 kr. Jeg
vona að á þennan hátt reiknist sam
það sem þyrfti að viðbættum [illegible]
því jeg myndi láta mjer nægja
það kaup sem jeg þyrfti að borga
stúlku, sem annaðist störf mín
hjer heima, svo og það sem jeg
kynni að kosta til við þennan
flækning fram og aftur, fram yfir
það að vera heima.
Ef menn vilja sinna þessu, býst
jeg við að fara fyrstu ferðina í apríl
velja þá garðstæði, matjurta og
skrúðgarða, þar sem nýjum görðum
á að koma upp, mæla fyrir görðum
og gera teikningar af nýjum
skrúðgörðum og breytingar á eldri
görðum. Þá legði jeg vermireiti og



rótaði í þá, eða kassa inni, matjurta
og blómfræi. Í þessari ferð hefði jeg
með mjer verðlista yfir girðingarefni
t. d. vírnet, því sjálfsagt væri fyrir
þá sem þess þyrftu að kaupa það
að sameina sig um pöntun á því
helst af öllu sveitinni.
Áður en jeg kæmi í aðra umferð
ættu garðarnir að vera alveg undirbúnir
Þá setti jeg niður trjáplöntur ef
þar væru komnar og harðgerðar blóm
plöntur og sáði úti matjurtum og
blómfræi
Í þriðju ferðinni plantaði jeg út úr
vermireitum og kössum og sáði trjá-
fræi, fjölæru blóm- og matjurtafræi.
Á sumrinu færi jeg um mánaðar
legu, til að líta eftir hirðingu garðanna
og planta út í vermireiti, ungplöntum
til næsta árs. Síðustu ferðina í sept.

eða fyrri hluta október hlúði jeg að
plöntunum fyrir veturinn og kendi dá-
lítið í matreiðslu matjurta.
Þar sem til er eitthvað af gluggum, sem
ekki eru notaðir yfir sumarið – innri
gluggar af tvöföldum gluggum,
er hægt að koma upp ~~tvöföldum~~
ódýrum vermireitum, til að ala
uppi plöntur t. d. rófur og kál
á vorinu, þarf þá ekki annað en
smíða dálitla grind, utanum
reitinn, sem gluggarnir passa yfir.
Þar að auki þyrftu að vera 2 vermi-
reitir í hverjum hreppi þar sem
geyma mætti í ungplöntur yfir vetur-
inn. Á einum stað í hverjum hreppi
þyrfti líka að vera til gróðrarstöð, þó
lítil væri, til að ala upp þar trjá-
plöntur og fleira fyrir nágrennið.
Hjer í hreppnum gæti jeg annast



plöntu uppeldið og annan vermireitum
Vermireitir þurfa ekki að vera dýrir ef
laghentir menn í hreppnum legðu
saman til að smíða grindur og glugga,
svo ekki þyrfti að kaupa það út og
hægt yrði að fá ódýrar glerramer í reitina
r. Fengist það ekki væri best fyrir hrepp-
ana, að slá sjer saman og panta kassa
af tvöföldu gleri ef heill kassi er
tekinn verður fermeterinn Kr. 4,50.
og meira þyrfti ekki yfir reitinn.
Annars er þetta nýja gler, sem leiðir í
gegnum sig fjólubláu ~~litina~~ geislana
langbestir því það eru þeir sem eru
áhrifamestir fyrir plönturnar; en
óvíst er að það gler sje komið í verslun
hjer og það mun vera 1/3 dýrara en
hitt.
Jeg ljet bera það upp á fundum í
Ungm.fj. og Kvennfj. hjer í haust.

að þessi fjelög, tengja í sameininga [samkomu] brekkuna sunnanundir húsinu og helst sama að vestan út að dyrum þess, og niður að lóð, stöllurtu hana og setta þar trje; yrði það gert til minningar um Símon gamla, það er ekki stór minnisvarði, en ég veit hann hefði aldrei kosið annan fremur átti jeg einusinni tal um það við hann, að mig langaði til að planta nokkrum trjám við húsið, og var hann mjer ákaflega þakklátur fyrir.
Þótti mjer mjög vænt um í haust hve vel þessari uppástungu minni var tekið í báðum fjelögunum.
Þá eru garðarnir heima við bæina.
Þó ekki væru nema 2-3 trje og eitt lítið blómbeð, heima við hvern bæ þá breytti það ekki svo lítið svip sveitarinnar. Ekki stærri garðar



en þó, kostaði sárlítið fje og fyrirhöfn. Meterinn af slettu vírneti hefir kostað 30-35 aura og kringum marga þessa garða myndi nægja 10-15 mtr. og 5 staurar ef hlið væri við eitt hornið. Lítið verk er við að hirða svona lítinn garð, þegar hann einusinni er kominn upp, svo lítla stund úr degi á vorinu, að laga til í honum og annað eins á haustinu að hlú að fyrir veturinn; en svo þurfa heimamenn að hafa það hugfast á sumrinu að kippa burt hverri illgresisplöntu sem kemur í ljós, er þeir ganga um garðinn. Þá þarf ekki meira fyrir því að hafa.
Jeg held að rjettast sje fyrir okkur að bíða ekki með þetta. Jeg veit að sumir af bæjunum eru víða ekki hrörlegir; og umrót þeirra yfirstandandi; og af

af þeim ástæðum, ekki hægt að ganga
frá garði, eins og menn hugsuðu
sjer hann áður; en ef búið er að ákveða
bæjarstæði og auðar blettur er til nokkra
faðma frá því að sunnan eða vestan
þá mætti vel afgirða þar 3-4 ál
breiða rönd og setja þar niður 2-3.
trje og eitthvað af öðrum plöntum.
Trjen eru lengi að vaxa og gaman
væri því að eiga þau til og dálítið
stór þegar nýr bær kemst upp. Aðeins
verði þau að vera svo fjarri bæjar-
stæðinu, að með gætni sje þeim engin
hætta búin með byggingarumróti.
Líka getur komið til mála að setja
skrúðgarð annarsstaðar en heim við
bæ t. d. í fallegu gili, laut eða ár-
hvammi, en heima við bæ, nýtur
maður garðsins best og þar er hann
líklega best hirtur.



Kartöflu- og aðra matjurtagarða kann
jeg aftur betur við fjær bæ, því meiri hluta
ársins eru þeir moldarflag eitt, svo það
þarf ekki að líta ósnoturlega út ef nokkur
hluti garðsins — sá sem næstur er bænum
er notaður fyrir skrúðgarð; en þá þarf
dýrari girðingu um garðinn allann, en
venjulegan matjurtagarð. Gaddavírs-
girðing er t. d. óviðfeldin og tæplega nógu
trygg.
Önnur ástæða er líka fyrir því, að jeg tel
ekki rjett að fresta þessu garðyrkju-
máli, en hún er sú, að hvenær sem við
byrjum á því, eigum við undir heppni
hvernig fyrsta tilraunin tekst. Fáum
við frostharða fyrstu vetur á eftir, geta
fleiri og færri af plöntunum dáið og
við orðið að byrja á nýjan leik og því
er gott að hafa tímann fyrir sjer.
Í þriðja lagi ríður okkur á að fara

að sá trjáfræi og ala upp plöntur
í eyður og til uppbóta, því sem sett
yrði niður nú, annars þyrftum við
að bíða altof lengi eftir þeim, því trjá-
plöntur þurfa fyrst að standa 2 ár
í fræbeði og önnur 2 í ungviðabeði
áður en þær eru gróðursettar, þar sem
þær síðar eiga að vera.
Sjeu garðarnir orðnir full undirbúnir
býst jeg við — þar sem skamt er milli
bæja — að geta unnið á 4-6 bæjum
samdægurs í hverri umferð. Jeg
tek ekkert nærri mjer að vinna við
garðyrkju 14-16 tíma á dag að með-
töldum ferðum milli bæja. Til
þess að vinnan gengi fljótar, væri
gott að 1 unglingur, eða einhver
annar sem helst mundi sjá um
garðana — frá hverjum bæ, sem unnið
væri á samdægurs, fylgdi mjer



yfir daginn og ynni á öllum bæ-
junum. Við þetta fengist líka
dálítið meiri æfing. Þar að auki
hefði jeg kosið að fá einn ungling
úr hverjum hreppi á 4-5 daga
námsskeið hjer heima, meðan jeg væri
að koma garðinum í lag, og taka
upp og tilbúa plöntur, sem jeg
ætla að farga, því jeg ætla mjer
að miðla því sem jeg get af
fjölærum blómplöntum hjeðan heim-
anað til útbóta því sem fæst frá
garðyrkjufjelaginu, svo engar plöntur
þyrfti að kaupa. Að taka upp og
og útbúa plöntur er mikið verk.
Þessir unglingar fylgdu mjer svo
eftir hver í sínum hrepp. Gæti
hann svo síðarmeir haft umsjón
og eftirlit í þeim hreppi.
Þá held jeg að flest af þessu sje

framtekið, hvað þetta merkir, er máli
skiftir. Vildi jeg meiga biðja um
svar hið bráðasta, því ef eftir þessu er
~~beðið~~ óskað, þarf að senda umsókn suður
um styrkinn. Best væri að fjelögin kysi
sinn manninn hvort til að ganga
frá því máli, og svo sendum við öll
í fjelagi styrkbeiðnina. Henni þarf svo
að fylgja loforð um fjárframlag á móti
styrknum af hálfu hreppanna og fjelag.
Eins og þið sjáið í „Hlín" er búist við 5 mán-
inna og 500 kr. launum fyrir allann
tímann, en eins og þegar er sagt, get
jeg ekki verið svo lengi óslitið að heiman
Kýst helst - aldrei við neitt sjerstakt kaup
Mig langar til að gera þetta, og hefði helst
kosið að vinna það endurgjaldslaust, en jeg
þarf að taka stúlku í staðinn minn og get
ekki bætt því á bróður minn, - sem annast
um skepnur mínar - að gjalda henni.



Jeg vona að með góðum samtökum geti þetta
heppnast, og borið ávöxt til gagns og gleði
okkur öllum. Með þeirri innil. ósk enda jeg
þessar línur.

Víðivöllum 15 Jan. 1928.
Lilja Sigurðardóttir

## Viðbætir.

Jeg get ekki skrifað þessa grein hjer í
blaðið, án þess að láta fylgja henni
nokkur orð til lesandanna. Hjer er um
svo þýðingarmikið mál að ræða fyrir
sveitina, að eg tel því mjög illa farið, ef
samtökin yrðu svo lítil, að ekkert yrði af
framkvæmdum. Það þarf ekki annað en
lesa grein Lilju, til að sjá hversu mikinn áhuga
hún hefir á þessu máli, og þeir sem þekkja
hana, vita að hún mundi vinna að málinu
með allri þeirri elju og ástundun, sem
hún hefir sýnt frá því fyrsta, í garðyrkjunni

Altaf er verið að prjedika í blöðum og búnaðar-
ritum, að við ættum sjálfir að geta ræktað
handa okkur svo mikla garðávexti, að
ekki þyrfti frá útlöndum að kaupa af
því tagi; en samt sína verslunarskýrslur
að enn eru innfluttar kartöflur fyrir marg
hundruð þúsund krónur. Mjer virðist sem
þessum prjedikunum sje lítið sint, en ef
áhugasöm garðyrkjukona ferðaðist um
hreppinn, og kæmi mönnum á stað, og
þeir sæu með eigin augum hvað má
fá uppúr görðunum og færu sjálfir að reyna
nytagildi þess; þá á jeg von á að meira
yrði um framkvæmdir hjer, þegar ísinn
væri brotinn.
Þetta er nú sú hliðin, sem snýr að munni
og maga, og verður mörgum tíðræddast
um hana. En hin hliðin, sem snýr að
trjáræktinni, er líka sannarlega athuga-
vert. Ekki get jeg hugsað mjer neitt



sem gerir heimilin jafn aðlaðandi og ánægju-
leg eins og fallegur skrúðgarður eða trjáreitur
og hef jeg minst á það áður hjer í blaðinu.
En mjer virðist sem aldrei muni fást jafn
gott tækifæri sem nú, til að koma þeirri
hugmynd í framkvæmd að trjáreitur komi
á hvert heimili, og það okkur að kostnaðar-
lausu, því jeg tel það ekki, þó býli þurfi
að láta 1-2 kr. og fá fyrir það leiðbeiningu
og tilsögn og allar trjáplöntur og fræ. og
það sem mest er um vert - áhuga fyrir
garðræktinni, sem því miður virðist vera
fremur daufur hjá oss. Hún þarf að komast
í það horf að garðurinn verði eins sjálf-
sagður liður í vorvinnunni eins og t.d. á-
vinsla. Komist það lag á, líður ekki
á löngu uns hvert heimili hefur nóg
af garðmat og þarf ekki að kaupa inn
útl. kartöflur dýrum dómum og stundum
skemdar. Jeg óska þessv. að mál þetta fái
hinar bestu undirtektir. Því það á það sannarl. skilið.

[illegible]

# Akraballið

— 7. Janúar —

Það var í fyrsta sinni að Lestrarfj. „Óskar" sem er á ystu bæjunum í hreppunum, fjekk leyfi til að halda þessa einu vetrarskemtun sína, hjer í samkomuhúsinu.
Fjelag þetta hefir að þessum tíma, haldið skemtun sína, á bæjunum á svæði sínu fyrir utan Þverána, með sáralitlum ágóða, vegna þess eins að afstaðan er óhagstæð, sjerstaklega ef „vötnin" eru ill yfirferða, eins og oft hefir komið fyrir og líka hitt, að samkomur hafa þar verið allt í kring.
Nú ætlaði fjelagið að reyna Akrahúsið og um leið gestrisni fjelagsmanna hjer í framsóknunum. Fólk úr þessu fjelagi hefir sí og æ sókt fundi hjer fram að

52

Ökrum og munu menn hafa verið þangað af ytra svæðinu af fjelögum hjer fremra, til að spila eða jafnvel að tala. Bjóst jeg því við að samkoma þeirra nú, yrði vel sótt þar sem veður, færi og heilsa var í besta lagi. Auðvitað mátti heita fremur góð aðsókn úr Lestrarfj. Flugumýrar. sóknar, en úr Miklabæjarsókn var illa sókt — aðeins þrjár hræður fyrir framan Dalsá sóktu samkomuna, þegar frá eru dregnir Akratorfubæjarnir
Þetta þótti mjer mjög leiðinlegt, þegar fámennt og fátækt fjelag átti í hlut. Ekki þurfti að óttast fólkið í þessu fjelagi að það leggði ekki sitt fram til skemtunarinnar, því það er skemtilegt og gott fólk Enda voru nógir spilarar á fjelagssvæðinu Ræðumenn sjeu við hendina og veitingar í besta lagi.
Og því miður, hefir fjelagið „Óskar" sótt

lítinn ágóða af skemtun sinni hingað framefttir, en haft talsvert fyrir því vegna fjarlægðar. Jeg lít svo á, að þó fleiri Lestr fjelög eru starfandi hjer í hreppnum — þó aðalinnlegg þeirra er það fje sem þau fá inn á skemtisamkomum — að mikið sje undir því komið að gott samkomulag sje á milli fjelaganna og þau sýni hvort öðru hæfilega samúð. ———

Þá ætla jeg með fáeinum orðum að minnast á skemtunina. —

Þegar fólkið fór að koma um kvöldið mætti því ískalt steinhúsið. Maður ætlaði „lifandi að drepast" úr kulda Engin upphitun. Skil jeg ekkert í húsráðendum að hafa ekki húsið í góðu standi. Húsið eins og það var þá, er skaðlegt í tilliti til heilsu manna. Menn koma heitir af gangi, og verða talsvert að fækka á sjer fötum. Svo



líður manni aldrei vel ef kalt er. — Enda var ekki hjá því komist, að fá sjer duglegan snúning strax áður en skemtunin byrjaði og ekki síst þeir sem voru í nýjum klotum keisarans, sem reyndist óheppilegt um miðjan vetur í köldu steinhúsi. Þeir sem ekki tóku þátt í dansinum, börðu sjer útan ~~utan~~, ~~eins~~ líkt og beitarhúsamenn gjörðu í fyrri daga. Þegar þeir stóðu yfir fje sínu í hörðu veðri — bitu á jaxlinn og bölvuðu í hljóði. Svo var samkoman sett af Birni bónda á Framnesi. Kom hann fram á hugsunarsviðið með fagrar gyðjur; sína til hvorrar handar Lýsti glæsimensku þeirra og göfgi og skyldi við þær að lokum bæði virðulega og prúðmannl. Gyðjur þessar eru nefndar gleði og mælska. og þótti vel við eiga að hafa þær að umtalsefni við þetta tækifæri.

Kl. 3 um nóttina hjelt Gísli í Holti dynjandi

rati. Talaði hann um áhrif Jónasar Hallgrímssonar á íslenska tungu, og hversu móðurmál okkar hefði endurlifnað við skáldskap hans og þáttöku. Roði Gísla lýsti í sem viti og dómgreind. Því miður gat Jónas bóndi á Hofdölum ekki komið, en hann var líka búinn að lofa að flytja ræðu.

Skemtun þessi fór prýðilega fram, en var sem víðast er að hjer áður. Fámenn og mun það hafa stafað eingöngu af þáttöku-leysi Mikleb. sóknar.

Kári.

Ath. Heiðraða greinarhöf. minnist á samk. húsið og ekkert „hlýlega“ segir það hafi mætt gestunum ískalt og ó upphitað og skaðlegt heilsu manna, -fólksins, einkum ljettkladdari hluta þess. „Skil jeg ekkert í húsráðendum að hafa ekki húsið gólfstandi“ segir hann. Hjer virðist mjer ver kastað hnútu til hreppsnefndar Akrahr. sem er umráðandi hússins, og er það ekki nýtt að hún fái að heyra sitt af hverju sem störf sín. Jeg



ætla að taka á móti skeytinu, ekki til að senda því aftur með ílsku, heldur að ræða það í bróðerni og sýna fram á, að það er ekki beint skylda hrepps. að láta ofnin vera eldrauðan er samk. gestir koma. Jeg get vel dæmt um hvað með höf. að þetta er ilt og ætti ekki að eiga sjer stað, að koma að húsinu köldu í frosti og mögnuðu veðri, á samkomum því dæmi eru til, að ilt hafi af því hlotist. En hverjum ber skyldan til þess, að húsið sje heitt og notalegt er fólk kemur. Það er ekki hreppsnef. heldur þeir sem standa fyrir samkomunum. Ofninn er til og fylgir húsinu alveg eins og lampar og leirtau. Það er samk. nefndarinnar að hagnýta sjer á sem bestan hátt, það sem húsið hefir að bjóða, því þeir eru umráðamenn hússins þann tíma sem samk. stendur. Ef húsinu ætti að skila upphituðu í hendur samk. nefndar yrði það ekki hægt nema með auknu gjaldi sem kæmi fram í hækkaðri húsaleigu, sem notendur yrðu auðv. að greiða.

En engir er nú að halda, að fólk vildi heldur hafa inngang 5–10 aurum dýrari og geta setið í góðum hita, í stað þess að koma inn í svo kallað hús að láta menn narra, að kuldastigið sje álíka sem í lestum „Brúarfoss" er hann sigldi hjeðan með frosna ketið til Englands. Þetta ætti samkomunefndin að athuga framvegis.

Stefán Vagnsson.

# Misskilningur.

Maður nokkur fjekk samtímis brjef frá tveimur vinum sínum sem bjuggu í dálitlu fjarlægð. Annar skýrði honum frá því með mestu hryggð, að hann væri nýbúinn að missa konuna sína, en hinn aftur á móti, að hann væri nýtrúlofaður og sendi honum trúlofunarkortið til sammindamerkis.

Hann ritaði um hæl hvorjum þeirra, sitt brjef, en í fátinu að koma þeim á póstinn sem var að fara, ljet hann þau vitlaust innan í.

Brjefið sem sá nýtrúlofaði fjekk var þannig:

„Kæri vinur minn!

Hef meðtekið brjef þitt og samhryggist þjer innilega útaf þínu mótlæti – jeg get ekki kallað það annað – en „enginn má sköpum renna". Jeg veit það muni nú vera daufleg(i)r dagar fyrir þjer, fyrst um sinn, en þó meir í framtíðinni. En jeg veit þú æðrast ekki hvað sem á dynur, og tekur þessu með ró karlmennskunnar, sem veit að hjá þessu óhappi varð ei komist. Í þeirri vissu um að þú berir ólán þitt sem hetja, kveð ég þig og bið guð að styrkja þig á reynslustundum þínum

Þinn samhryggi vinur

N. N.

Ekkillinn fjekk aftur á móti sorglegt br.

— i —

Hjartkæri vinur

Þökk fyrir þitt ágæta bréf, og getur þú ekki trúað hvað jeg varð innil. glaður. Þá fregn er það flutti af þjer. Þú varst búinn að segja mjer oft fyrirfram, að þú þráðir ekki annað meir en þetta; sem nú er framkomið, því frá þeirri stundu mundi lífið blasa við þjer með öllum þess unaðsemdum. Þessu samfagna jeg þjer af öllu hjarta vinur minn því jeg veit að þessi umskifti á högum þínum verði þjer til blessunar. Vertu viss að jeg kem í veisluna „skála" við þig, því aldrei á æfi þinni hefir þú haft jafnmikla ~~ánægju~~ ástæðu til að gleðjast, sem einmitt nú. Fram að samfundi kveð eg þig þinn einl. N. N.

Dálítið fast í stílnum af St. V.

# Flugar.

Ritnefnd:

Una Gunnlaugsdóttir
Ingimar Jónsson
Finnb. St. Bjarnason
Þórarinn Hallgrímsson

Ritstjóri: Stefán Vagnsson.